

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis  
Alþingi 150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2009

Óskað hefur verið eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, þingskjal 273, 256. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða gera athugasemdir við 5. grein frumvarpsins sem kveður á um hversu hátt framlag launagreiðenda getur verið til tryggingar á lífeyrisréttindum án þess að til skattlagning komi hjá launþega.

Í frumvarpinu er lagt til að ef fjárhæðin fer yfir 2 m.kr. á ári skal sú fjárhæð skattlögð sérstaklega. Undantekning er gerð ef fjárhæðin kynni að vera hærrí í kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

Landssamtök lífeyrissjóða telja þessa breytingu ósamngjarna, þar sem hún leiðir til ójafnræðis á milli einstaklinga. Þannig munu sumir launþegar geta fengið hærra óskattlagt framlag í lífeyrissjóð en aðrir vegna ákvæða í kjarasamningum.

Þessi breyting leiðir enn fremur til þess að umræddir einstaklingar eru skyldaðir til að greiða tvöfalda skatta af hluta tekna. Tvískattlagning með þessum hætti getur hvorki verið markmið með lífeyrissjóðalögum eða skattalögum.

Núverandi fyrirkomulag, þar sem framlag launagreiðanda telst ekki til skattskyldra tekna, getur gagnast þeim sem eiga lítil lífeyrisréttindi samanborið við tekjur og vilja gera átak í öflun lífeyrisréttinda.


Þannig geta t.d. sjálfstæðir atvinnurekendur, sem hafa ekki greitt í lífeyrissjóð alla ævina eða hafa greitt af launum sem eru lægri en heildartekjur, aukið framlag launagreiðanda til þess að hækka lífeyrisréttindi. Annað dæmi er fólk sem verið hefur í löngu framhaldsnámi og hefur þökkalegar tekjur en á lítil lífeyrisréttindi. Þessir einstaklingar geta nýtt sér núverandi reglur og samið við launagreiðanda um að greiða hærra mótframlag til þess að auka lífeyrisréttindi.

Skattur af framlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð fellur ekki niður. Honum er frestað og verður greiddur síðar með vöxtum og verðbótum. Ríkið missir því ekki af neinum tekjum með núverandi fyrirkomulagi. Ríkið gæti hins vegar lent í því að þurfa að greiða hærrí lífeyri frá almannatryggingum ef breyttar reglur leiða til minni lífeyrissparnaðar.

Þrátt fyrir að séreignarsparnaður sé allur laus við 60 ára aldur dreifa flestir úttekt á mun lengra tímabil. Óvissa í skattamálum hvetur hins vegar til þess að einstaklingar flýti úttekt.

Þetta leiðir hugann að því af hverju er verið að leggja þessa breytingu til. Ef ætlunin er að leysa mjög afmarkað vandamál tengt óeðlilega háum iðgjaldagreiðslum frá stjórnendum, sem í núverandi árferði er sennilega mjög óalgengt, er hins vegar með þessum breytingatillögu verið að refsa þeim sem hafa samið umfram skyldu við vinnuveitanda til að efla langtíma-sparnað sinn.

Samkvæmt framanskráðu geta Landssamtök lífeyrissjóða ekki mælt með þessari breytingatillögu, þar sem hún er ósanngjörn, hefur í för með sér tvískattlagningu og letur til lífeyris-sparnaðar.

Virðingarfyllst  
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA  
  
Hrafn Magnússon